

2. Fyrir leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, sem uppfylla þurfa gæða- og tækni-kröfur, skal greiða 4.000 kr. árlegt gjald fyrir rekstrarleyfi. Enn fremur skulu eigendur þessara sérútbúnu bifreiða greiða árlega 1.400 kr. vegna hvernar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
3. Fyrir sérleyfi og einkaleyfi skal greiða 20.000 kr. árlegt gjald.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreindra leyfa aðskildum í bókhaldi. Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum. Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila þetta eftirlit.

VI. KAFLI

Viðurlög.

22. gr.

Stöðvun starfsemi.

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt reglugerð þessari án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni skylt að fela lögreglu að stöðva starfseminna og viðkomandi ökutæki þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.

23. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum nr. 73/2001 og reglugerð þessari geta varðað sektum og/eða leyfissviptingu sbr. 15. gr. laga nr. 73/2001, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

24. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum nr. 389/1999.

Samgönguráðuneytinu, 4. júlí 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002 - 2022.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Stykkishólms 1985-2005.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.